

Völundarhús ehf. viðskiptaskilmálar.

Gildandi viðskiptaskilmálar og sérskilmálar Völundarhúsa ehf kt: 680312-1090 eru einnig aðgengilegir á vefsíðu félagsins [www.volundarhus.is](#). Viðskiptaskilmálar þessir gilda um öll viðskipti Völundarhúsa ehf og viðskiptamanna þess, nema um annað sé samið sérstaklega eða áskilið af Völundarhúsum ehf.

1. Gildissvið

1.1. Undir skilmála þessa fellur öll vara og þjónusta, sem keypt er af Völundarhúsum ehf. Félagið áskilur sér rétt til að breyta viðskiptaskilmálum þessum og eftir atvikum sérskilmálum án fyrirvara. Með nýjum skilmálum falla eldri skilmálar úr gildi.

2. Pantanir og tilboð

2.1. Við samþykkt tilboð á vöru með tölvupósti eða öðrum staðfestum hætti er kominn á bindandi samningur milli aðila. Um alla samninga félagsins við viðskiptavinum þess gilda samningalög nr. 7/1936. Með samþykki tilboðs undirgengst viðskiptavinur viðskiptaskilmála þessa.

2.2. Sé verðtilboð með fyrirfram ákveðnum gildistíma er Völundarhús ehf. óbundið af samþykki sem berst eftir þann tíma. Sé tilboð ekki með gildistíma gildir það í 30 daga frá dagsetningu þess, nema annað sé tekið fram.

2.3. Framsal umsaminna réttinda til þriðja aðila er óheimilt nema með sérstöku samkomulagi við Völundarhús ehf.

3. Aðrir samningar

3.1. Skilmálar þessir, ásamt samþykktu tilboði, sérstökum skilmálum og eftir atvikum viðauka við samning við viðskiptamann fela jafnan í sér heildarsamning aðilanna um viðskiptin. Sé gerður sérstakur verksamningur t.d. um reisningu húsa, gilda ákæði verksamningsins framar skilmálum þessum.

4. Verð, skilmálar og innihaldslýsing

4.1. Félagið gefur upp grunnverð þeirra vara sem boðnar eru hverju sinni skv. gjaldskrá. Virðisaukaskattur er innifalinn í uppgefnu verði nema annað sé sérstaklega tekið fram. Verð geta breyst án fyrirvara.

4.2. Verð í gjaldskrá miðast við staðgreiðslu nema annað sé umsamið. Afslættir eru ekki gefnir af tilboðsverði sé um slíkt að ræða.

4.3. Að jafnaði eru bjálkahús Völundarhúsa ehf. boðin annarsvegar með fylgihlutum og hinsvegar án fylgihluta. Mikilvægt er að viðskiptavinir skoði vel hvað er innifalið í hvoru fyrir sig.

4.4. Undirstöður húsanna eru aldrei innifaldar í verði. Til undirstaða telst útsetning húss, öll jarðvinna, upppláttur og steypa, festingar fyrir dregara og dregarar, allt með efni og vinnu.

4.5. Hús án fylgihluta innifelur: Gólfgrind þ.e. bitar undir gólf og veggi, gólfpanell. Allir bjálkar í innveggi og útveggi upp undir þak. Allir gluggar, innihurðir og útihurðir. Þaksperrur og/eða burðarbitar eftir atvikum. Loftapanell undir sperrur og þéttklæðning ofan á sperrur þar sem það á við.

4.6. Hús með fylgihlutum innifelur allt ofan talið og að auki, 100 mm. steinull í gólf, tjörutex undir steinull milli gólfbita. 100 mm. þakull með áföstum vindpappa. Þolplast til rakavarnar í þaki. Þakpappi, þakjárn, þakkjölur, þaksaumur og skrúfur og vinklar þar sem það á við. Byggingarnefndarteikningar sem innifela afstöðumynd á lóð, útlit allra hliða hússins og þverskurð í gegnum húsið ásamt skráningartöflu, byggingarnefndarteikningar nægja til öflunar byggingarleyfis en ekki til framkvæmdaleyfis. Viðskiptavinur lætur sjálfur teikna undirstöður og þær verkfræðiteikningar sem byggingarfulltrúi krefst hverju sinni. Nánari upptalning og lýsing á fylgihlutum er að sjá á heimasíðu viðhengt þeim húsum sem við á hverju sinni. Einungis þeir fylgihlutir sem eru upptaldir á heimasíðu með hverju húsi fyrir sig fylgja með húsunum og annað ekki.

4.7. Framleiðsluteikningar byggja á byggingarnefndarteikningum og þarf viðskiptavinur að staðfesta framleiðsluteikningar áður en húsið fer í framleiðslu hjá framleiðanda.

5. Eignaréttarfyrrvari

5.1. Öll afgreidd vara er eign Völundarhúsa ehf. þar til fullnaðargreiðsla hefur farið fram í samræmi við lög nr. 75/1997 um samningsveð. Framsal, veðsetning eða önnur ráðstöfun söluhlutar er óheimil án undangengins samþykkis Völundarhúsa ehf. á meðan félagið telst eiga eignarrétt að hlut skv. ákvæði þessu.

6. Afhending vöru

6.1. Afhending söluhlutar, framsal skjala eða önnur yfirfærsla ráðstöfunarréttar yfir söluhlut fer fram gegn greiðslu söluverðs. nema um reikningsviðskipti eða staðgreiðslulán Visa og Eurocard sé að ræða. Flutningsaðilar vöru sem félagið útvegar fyrir kaupendur eru ekki undirverktakar félagsins. Kaupendur eru í beinu samningssambandi við slíka flutningsaðila og greiða þeim sjálfir fyrir flutninginn

6.2. Völundarhús ehf. váttryggir ekki vöru í flutningum. Óski viðskiptamaður eftir því að vara verði váttryggð í flutningum ber honum sjálfum að annast váttrygginguna.

6.3. Áhætta af hinu selda flyst úr hendi Völundarhúsa ehf. til kaupanda við afhendingu vörunnar. Samningur um akstur vöru á afgreiðslustað breytir ekki því tímamarki sem áhættan af kaupunum flyst yfir til kaupanda. Ef hlutar er ekki vitjað eða honum veitt viðtaka á afhendingartíma og það má rekja til kaupanda eða atvika sem hann varða, flyst áhættan yfir á kaupandann þegar hlutur er honum til ráðstöfunar og viðtökudáttur verður af hans hálfu.

6.4. Völundarhús ehf. ber enga ábyrgð á þeim aðstæðum sem upp kunna að koma og valda því að ekki er hægt að afferma og/eða afhenda vörur á afhendingarstað. Kaupandi á enga kröfu á félagið ef afhending dregst af ástæðum sem félagið getur ekki stýrt.

7. Eiginleikar vöru

7.1. Um eiginleika vöru og gæðastaðla sem ætlað er að tryggja þá eiginleika fer skv. birtum upplýsingum Völundarhúsa ehf. á heimasíðu félagsins.

8. Ábyrgð á vöru og takmörkun ábyrgðar

8.1. Ábyrgð Völundarhúsa ehf. á göllum á framleiðsluvörum er takmörkuð við það að félagið sér um viðgerð eða eftir atvikum afhendir nýja vöru í stað þeirrar gölluðu sé sannanlega ekki unnt að bæta úr með viðgerð. Ábyrgð takmarkast við þá fjárhæð sem viðskiptamaður greiddi fyrir vöruna í upphafi. Völundarhús ehf. tekur ekki ábyrgð á afleiddu tjóni. Viðskiptamanni er bent á að skoða vöru við móttöku, þ.e. áður en hún er notuð eða reist. Gallar á vöru séu tilkynntir umsvifalaust til félagsins og ákvarðanataka um úrbætur séu alltaf í samráði við félagið.

8.2. Eftir afhendingu vörunnar á umsaminn afhendingarstað ber Völundarhús ehf. enga ábyrgð á því að varan verði fyrir tjóni eða valdi tjóni gagnvart þriðja aðila. Við mat á því hvort söluhlutur er gallaður skal miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flýst yfir til kaupanda skv. ákvæðum laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

8.3. Ef kaupandi leggur ekki fram kvörtun innan árs frá þeim degi er söluvara er afhent getur hann ekki borið galla fyrir sig síðar. Sé um neytendakaup að ræða skal kaupandi leggja fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku eða innan fimm ára sé söluhlutur byggingarefni sem ætlað er verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti skv. ákvæðum laga um neytendakaup.

8.4. Ábyrgð félagsins takmarkast við: Að viðskiptavinur hafi meðhöndlað vöruna í samræmi við leiðbeiningar og venjulega og viðurkennda verkhætti. Hafi félagið gefið út lýsingu á notkun vörunnar, handbækur eða aðrar leiðbeiningar um notkun vörunnar eða uppsetningu er ábyrgð félagsins háð því að notkun vöru hafi verið í samræmi við það. Þegar tjón verður sem stafar af rangri meðferð, misnotkun eða slysi, viðgerð eða tilraun til viðgerðar hefur verið gerð af öðrum án samþykkis fyrirtækisins.

Alla aukahluti ber kaupanda að skoða vandlega við móttöku og tilkynna félaginu um galla áður en vöru er skeytt við byggingu. Ábyrgð nær ekki til kostnaðar sem hlýst af breytingum annarra en starfsmanna félagsins á hinu selda nema það hafi verið gert í samkomulagi við félagið. Kvörtun vegna gallaðrar vöru eða þjónustu skal berast strax og gallans verður vart.

8.5. Ábyrgð félagsins fellur niður í eftirtöldum tilvikum: Félagið ber í engum tilvikum ábyrgð á rekstrartapi kaupanda eða öðru óbeinu tjóni hans, þ.m.t. glötuðum ágóða eða ráðgerðum sparnaði, hvort sem tjónið er rakið til galla, skemmda eða eyðileggingar á hinu keypta eða til annarra ástæðna.

8.6. Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Hafi kaupandi ekki sinnt rannsóknarskyldu við afhendingu getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Framangreint gildir einnig hafi kaupandi fyrir kaup rannsakað sýnishorn af hlutnum eða látið það hjá líða án gildrar ástæðu og gallinn varðar eiginleika sem sjá mátti á sýnishorninu.

8.7. Þurfi Völundarhús ehf. að greiða kaupanda bætur í tengslum við viðskipti aðila getur kaupandi aldrei farið fram á greiðslu bóta sem eru hærri en sem nemur kaupverði hins keypta.

9. Óviðráðanleg atvik (Force Majeure)

9.1. Viðskiptamenn Völundarhúsa ehf. eiga engan rétt til skaðabóta, þegar vanefndir orsakast af óviðráðanlegum atvikum (Force Majeure) svo sem vinnudeilum, styrjöldum, uppreisnum, náttúruhamförum, aðgerðum stjórnvalda á sviði gjaldeyris- og viðskiptamála, viðskiptabönnum, hafnbönnum, almennum samgönguhindrunum, orkuskorti og óviðráðanlegum atvikum í samskiptum við undirverktaka.

10. Vanskil

10.1. Sé reikningur ekki greiddur í síðasta lagi á eindaga, reiknast dráttarvextir skv. 6. gr. 1. 38/2001 af heildarskuld viðskiptamanns við félagið.

10.2. Félagið áskilur sér rétt til að fella niður afslætti sem kunna að hafa verið gefnir af vöru, þar með talda afslætti af sérstökum tilboðum, án fyrirvara ef greitt er eftir eindaga eða eftir atvikum umsaminn greiðsludag ef það er annar dagur en eindagi.

10.3. Vísað er til innheimtulaga nr. 95/2008 og gildandi reglugerða varðandi innheimtugjöld. Sé skuld ekki greidd innan þeirra fresta sem viðskiptamanni eru veittir hefur félagið fulla heimild til að senda viðskiptaskuld í löginnheimtu án frekari fyrirvara.

11. Skil á vöru

11.1. Vöru fæst aðeins skilað ef hún er sannanlega gölluð og ekki er unnt að bæta gallann með viðgerð. Völundarhús ehf. áskilja sér allan rétt til að lagfæra sannanlega galla.

12. Annað

12.1. Eftir því sem við á gilda lög um lausafjárkaup og lög um neytendakaup um viðskipti skv. skilmálum þessum.

12.2. Viðskiptaskilmálar þessir eru órjúfanlegur hluti samnings milli aðila og samþykkir viðskiptavinur skilmála þessa með undirritun sinni samhliða undirritun um samþykki tilboðs eða með öðrum sannalegum hætti t.d. með staðfestingu á tölvupósti.

13. Lögsaga og varnarþing

13.1. Um viðskipti Völundarhúsa og viðskiptavina þess fer skv. íslenskum lögum.

13.2. Til lausnar ágreinings geta aðilar komið sér saman um sérfróða(n) aðila sem sker(a) úr um ágreininginn (Gerðardóm). Komi til málaferla fyrir dómstólum eða löginnheimtu vegna viðskipta félagsins og viðskiptamanns þess skal málið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Staður og dagsetning

Samþykkt fh. kaupanda
